




Umgengnisreglur og skýr mörk



Apríl 2012

Útgefandi:
Brekkuskóli Akureyri www.brekkuskoli.is

Gefið út á vef skólans til útprentunar.

Umsjón með útgáfu:
Bergþóra Þórhallsdóttir aðstoðarskólastjóri



Samskipta og umgengisreglur þessar eru grundvallaðar á leiðarljósi Brekkuskóla en einnig hugmyndafræði uppbyggingarstefnunnar sem kennd er við Diane Gossen. Þessu til viðbótar er stuðst við áætlun um forvarnir gegn einelti sem nefnd er "Olweusaráætlun gegn einelti" sem styður mjög vel við uppbyggingarstefnuna og er gjarnan nefnt hér innan skólans "Uppbyggilegur Olweus". Jafnréttisáætlun skólans er einnig lögð til grundvallar í skólastarfinu. Uppbyggingarstefnan byggir á kenningum um hæfni einstaklings til sjálfstjórnar, hæfni hans til að tengja saman persónuleg lífsgildi og þann veruleika sem hann býr við. Hún kennir sjálfstjórn, sjálfsaga og eflir hæfni til að taka ábyrgð á eigin orðum og gjörðum. Lögð er áhersla á að byggja einstaklinginn upp, að hann þekki þarfir sínar og uppfylli þær án þess að meiða aðra.

Í Brekkuskóla er jafnan stuðlað að jákvæðum skólabrag þar sem starfsmenn vinna með sameiginlega sýn að leiðarljósi sem felst einkum í eftirfarandi gildum:

- **Menntun;** Við leggjum metnað í nám og kennslu. Við viljum að námið sé fjölbreytt og skapandi. Öll þurfum við að finna tilgang með vinnu okkar, fá tækifæri til að hafa áhrif og láta ljós okkar skína.
- **Gleði;** Skólinn er ekki bara undirbúningur fyrir lífið, heldur hluti af lífinu sjálfu. Því er lögð áhersla á að lífsgleði og starfsgleði setji mark sitt á allt skólastarfið. Til þess að svo megi verða þurfum við að vera örugg og okkur þarf að líða vel á vinnustaðnum.
- **Umhyggja;** Brekkuskóli er samfélag þar sem við stöndum saman og sýnum umhyggju. Við dæmum ekki og erum tilbúin til að aðstoða hvert annað.
- **Framfarir;** Allir sem innan skólans starfa stefna að því að þroskast og dafna í námi, starfi og sem persónur svo og að aðstoða aðra við það. Ekki þurfa allir að taka jöfnum framförum heldur er tekið mið af stöðu hvers og eins. Þetta gerum við með því að setja okkur sífellt ný markmið og mæla hvernig okkur tekst að ná þeim. Þannig tekur stofnunin í heild einnig framförum og stefnir ætíð að því að vera skóli sem lærir.

Bæklingur þessi inniheldur:

1.	Dæmi um æskilega hegðun nemenda	bls. 4
2.	Dæmi um óásættanlega hegðun nemenda	5
3.	Hvernig nemendur geta valið árangursríka leið til lausnar- Uppbygging	6
4.	Réttindi og skyldur nemenda og foreldra	8
5.	Hvað gerist ef nemendur þiggja ekki tilboð um að gera uppbyggingaráætlun?.....	9
6.	Viðbrögð við lögbrotum og alvarlegum agabrotum.....	9
7.	Reglur um skólasókn	10
8.	Almennar umgengisreglur í skólanum	11
9.	Þarfahringurinn - meðfæddar grunnþarfir allra	13

Reglur þessar eru hluti af stefnu Brekkuskóla í samskiptum. Þær gilda í skóla, á skólalóð, í ferðalögum og á viðburðum sem skólinn stendur fyrir.



HVAÐ ER ÆSKILEG HEGÐUN?

Ætlast er til að nemandi mæti stundvíslega og vel undirbúinn í skólann þar sem hann er, reiðubúinn til að takast á við krefjandi verkefni, þiggja leiðsögn og taka virkan þátt í viðfangsefnum skólastarfsins.

Nemanda er einnig ætlað að ganga vel um skólann sinn og láta sér annt um að samskipti í skólanum séu vinsamleg og til þess fallin að auka samkennd og öryggi nemenda og annarra sem í skólanum starfa.

Nemandi sýnir sjálfum sér og öðrum virðingu með framkomu sinni, orðum og gjörðum. Til að ná þessum markmiðum þarf að skilgreina hvað telst æskileg hegðun og hvað ekki.

DÆMI UM ÆSKILEGA HEGÐUN NEMANDA

Framangreind lýsing á æskilegri hegðun á að jafnaði við um hegðun langflesttra nemenda Brekkuskóla. Stuðlað er að æskilegri hegðun með verkfærum "Uppbyggilegs Olweusar" s.s gerð bekkjarsáttmála, bekkjarfunda, T- spjalda og Y-spjalda, en einnig með því að nemendur læri að þekkja þarfir sínar og annarra. Í yngri árgöngum er fjallað um það hvernig hegðun einkennist eftir litum. Frekari upplýsingar um Uppbyggingu og Olweus má finna á vef skólans. Nemendur eiga að geta notið ávaxta góðrar hegðunar sinnar og sjálfstjórnar.

Nemandi:

- hefur stjórn á eigin hegðun, bæði orðum og gerðum
- sýnir sjálfum sér og öðrum virðingu, kurteisi og tillitsemi
- gerir sér far um að leysa úr ágreiningi sem upp kann að koma af skynsemi og án ofbeldis
- gerir sér far um að setja sig í spor annarra
- fer vel með þau verðmæti sem honum er trúað fyrir, gengur vel um skólann og umhverfi hans
- virðir eigur annarra
- fer að fyrirmælum kennara og annars starfsfólks
- leggur sig ávallt fram við námið og sýnir metnað í að gera sitt besta
- virðir verk sín og vandar frágang á verkefnum sínum
- mætir stundvíslega, undirbúinn og með þau gögn sem nota þarf
- Virðir bekkjarsáttmála





HVAÐ ER ÓÁSÆTTANLEG HEGÐUN?

Til að nemendur átti sig betur á því hvar mörkin milli æskilegrar og óásættanlegrar hegðunar liggja, verða nemendur að gera sér grein fyrir hvað telst óásættanleg hegðun. Með því móti sporum við enn frekar gegn óásættanlegri hegðun þeirra fáu sem getur skaðað hina mörgu.

DÆMI UM ÓÁSÆTTANLEGA HEGÐUN NEMANDA



Við sættum okkur ekki við að nemandi:

- eyðileggi, hindri eða trufla skólastarf, vinnu nemenda, kennara eða annars starfsfólks.
- láti sér ekki segjast við vinsamlegar ábendingar.
- gangi í eigur annarra, skemmi eða steli.
- valdi öðrum kvíða og öryggisleysi.
- ógni öryggi annarra einstaklinga sem starfa í skólanum, nemenda, kennara eða annarra starfsmanna.
- noti eða hafi undir höndum tóbak eða aðra vímugjafa.



LÖGBROT



Við líðum ekki lögbrot

svo sem skemmdarverk, þjófnað, ofbeldi, vímuefnanotkun, alvarlegar hótanir eða annað ofbeldi.

Að öllu jöfnu er haft samband við foreldra/forráðamenn ef nemandi sýnir óásættanlega hegðun eða brýtur lög. Þá er leitað eftir samvinnu um úrvinnslu mála. Atvik eru alltaf skráð í dagbók nemanda í Mentor. Þar kemur fram lýsing á aðdraganda og atburði og mat á þeirri hættu ef ekkert hefði verið aðhafst.

Þetta er gert samkvæmt 13. og 14. gr. *reglugerðar um ábyrgð, skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum.*



VIÐ SETJUM SKÝR MÖRK

Í Brekkuskóla setjum við skýr mörk á milli þeirrar hegðunar sem er æskileg og eðlileg og þeirrar hegðunar sem ekki er hægt að sætta sig við. Hegðun sem byggir á stjórnleysi er óásættanleg en hegðun sem byggir á sjálfstjórn er æskileg.




HVAÐ GERIST EF HEGÐUN ER ÓÁSÆTTANLEG?

Nemandinn fær val um **tvær leiðir til lausnar** á málum sínum:

Leið 1) Hann getur valið um að fara milda og árangursríka leið - uppbyggingu

Leið 2) Hann velur að taka skilgreindum afleiðingum gjörða sinna - viðurlögum.





LEIÐ 1) ÁRANGURSRÍK LEIÐ TIL LAUSNAR – UPPBYGGING

Nemendur geta valið árangursríka leið til lausnar ef hegðun þeirra reynist óásættanleg. Við í Brekkuskóla viljum vinna agamál á þann hátt að allir aðilar komi sem sterkastir frá samskiptum, tilbúnir til að líta í eigin barm og ná betri stjórn á eigin hegðun.

Allir geta gert mistök

Þeir sem starfa í Brekkuskóla eru mannlegir og þeim geta orðið á mistök í hegðun, umgengni og samskiptum. Það gildir um alla: nemendur, kennara, stjórnendur og aðra starfsmenn skólans.

Mistök er hægt að leiðrétta

Besta leiðin til þess að vinna sig út úr vanda er að viðurkenna þau mistök sem orðið hafa - gera áætlun um að leiðrétta þau - og læra þannig betri leið sem nýtist viðkomandi við svipaðar aðstæður.

Ferli agamála í kennslustund - fyrstu mistök:

- 1) Kennari áminnir nemanda og gefur honum tækifæri til að ná stjórn á eigin hegðun og leiðrétta mistök sín (finna leið sem bætir hegðun, sættir sjónarmið og nýtir "stutt inngríp")
- 2) Ef nemandi heldur uppteknum hætti ræðir viðkomandi kennari frekar við nemandann um leiðir að lausn við fyrsta tækifæri og gerir með honum áætlun til uppbyggingar
- 3) Áætlunin er skráð í Mentor ásamt málsatvikum skv. lýsingu á bls. 5 hér í bæklingnum
- 4) Viðkomandi kennari fylgir uppbyggingaráætluninni eftir með viðtali/viðtölum eftir atvikum.

Endurtekin óásættanleg hegðun í kennslustundum:

Nemandi er látinn róa sig og viðkomandi kennari gengur frá uppbyggingaráætlun með honum við fyrsta tækifæri

Inngrip vegna hættuástands:

Ástand metið. Nemendum og starfsfólki forðað frá hættu. Kallað eftir aðstoð. Leið 2 farin strax - sjá bls. 9

Skráning fari fram skv. 13. og 14. gr. *reglugerðar um ábyrgð, skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum.*





DÆMI UM UPPBYGGINGU

Á göngum skólans, skólasafni, mötuneyti, íþróttamannvirkjum og á skólalóð:

- 1) Starfsmenn skólans gefa nemanda tækifæri til að bæta hegðun sína með "stuttu inngripi"
- 2) Haldi nemandi uppteknum hætti og sýni neikvæða hegðun áfram vísar starfsmaður honum til umsjónarkennara sem gerir uppbyggingaráætlun með nemandanum og viðkomandi starfsmanni við fyrsta tækifæri
- 3) Þeir sem hlut eiga að máli fá upplýsingar um áætlun nemendans sem skráð er í Mentor
- 4) Áætluninni er fylgt eftir með viðtali/viðtölum hjá umsjónarkennara

ÁBYRGÐ, RÉTTINDI OG SKYLDUR STARFSFÓLKS SKÓLA

Starfsfólk skóla skal ávallt bera velferð nemenda fyrir brjósti og leggja sig fram um að tryggja nemendum öryggi, vellíðan og vinnufrið til að þeir geti notið skólagöngu sinnar. Starfsfólk skal sýna nærgætni og gæta virðingar í framkomu sinni gagnvart nemendum, foreldrum og samstarfsfólki og gæta þagmælsku. Skólastjórnendum og kennurum ber að eiga samstarf við foreldra um hegðun, líðan og samskipti barna þeirra.

Úr 3. gr. *reglugerðar um ábyrgð, réttindi og skyldur starfsfólks skóla úr reglugerð um ábyrgð, skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum.*

ÁBYRGÐ, RÉTTINDI OG SKYLDUR NEMENDA

Nemendur bera ábyrgð á framkomu sinni, háttsemi og samskiptum við skólasystkin og starfsfólk skóla þ.m.t. rafrænum samskiptum og netnotkun með hliðsjón af aldri og þroska. Nemendur eiga rétt á að láta skoðanir sínar í ljós og fá að tjá sig ef fundið er að hegðun hans skv. 5. gr. *reglugerðar um ábyrgð, skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum.*

Þar með talið hegðun barns gagnvart samnemendum og starfsfólki skv. 5. gr. *Reglugerðar um ábyrgð, skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum.*

ÁBYRGÐ, RÉTTINDI OG SKYLDUR FORELDRA

Foreldrar bera ábyrgð á uppeldi barna sinna, þar með talið hegðun barns gagnvart samnemendum og starfsfólki. Foreldrar gæta hagsmuna barna sinna og upplýsa starfsmenn skóla um þætti sem kunna að hafa áhrif á ástundun og hegðun.

Foreldrum ber ásamt nemanda að taka þátt í meðferð mála sem upp kunna að koma. Þessi atriði byggjast á 5. gr. *reglugerðar um ábyrgð, skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum.*



LEIÐ 2) NEMANDI ÞIGGUR EKKI TILBOÐ UM AÐ GERA UPPBYGGINGARÁÆTLUN

Ef nemandi þiggur ekki tilboð um að gera uppbyggingaráætlun er málum vísað til umsjónarkennara / deildarstjóra viðkomandi stigs sem ákvarðar framhaldið. Í flestum tilvikum er boðið sem fyrst til fundar með foreldrum viðkomandi nemanda. Þá taka oftast við aðgerðir sem byggja ekki á sjálfstjórn nemanda heldur skilyrðum og eftirliti.

Dæmi um úrræði þegar nemendur geta ekki eða vilja ekki leiðrétta hegðun sína og snúa sterkari til starfa á ný:

- Gerður samningur með skilyrðum
- Nemanda er boðin aðstoð námsráðgjafa
- Tilvísun í sérúrræði
- Tilvísun til skólasálfræðings (með samþykki foreldra)
- Fundur með öllum kennurum viðkomandi nemanda
- Stundaskrá nemanda skert (tímabundið)
- Reglulegir stöðufundir með umsjónarkennara / foreldrum
- Vísað til Nemendaverndarráðs
- Foreldrar fylgja nemanda í kennslustundum
- Sérstakt eftirlit í frímínútum
- Brottvísun úr tíma og foreldri sækir nemanda. Nemandi mætir ekki aftur hjá viðkomandi kennara fyrr en að afloknum fundi þar sem leitað er eftir samstarfi við foreldra og nemanda um leiðrétta hegðun í skólasterfinu
- Brottvísun um stundarsakir. Þegar um brottvísun um stundarsakir er að ræða vegna ítrekaðra brota á skólareglum er unnið skv. 12. gr. *reglugerðar um ábyrgð, skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum*



Það er ávallt brugðist með skýrum hætti við alvarlegum brotum.

LÖGBROT / ALVARLEG AGABROT VIÐURLÖG

Þegar nemendur brjóta alvarlega af sér eru foreldrar kallaðir til. Nemanda er vísað frá skóla á meðan afgreiðsla máls er undirbúin. Samkvæmt lögum má málsmeðferð taka allt að 5 virkum dögum án þess að nemanda sé útvegað annað skólaúrræði. Skólinn vinnur samkvæmt verklagsreglum um málsmeðferð vegna lögbrota og alvarlegra agabrota.

Þegar um lögbrot er að ræða er unnið skv. 13. og 14. gr. *reglugerðar um ábyrgð, skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum*. Nemendur eru ekki sakhæfir fyrr en þeir hafa náð 15 ára aldri samkvæmt fæðingarvottorði. Mál sem berast lögreglu berast sjálfkrafa til barnaverndaryfirvalda.



REGLUR UM SKÓLASÓKN

Alvarleg frávik frá skólasókn

Ef skólasókn nemenda í er ekki viðunandi er nemanda og foreldrum fyrst gert viðvart og síðan eru þeir boðaðir á fund með umsjónarkennara/deildarstjóra viðkomandi skólastigs þar sem farið er yfir stöðuna. Ef þetta ber ekki tilætlaðan árangur er málinu vísað til nemendaverndarráðs sem tekur ákvörðun um hvort málið verði tilkynnt til barnaverndar.

Hver nemandi byrjar með 10,0 í skólasókn í upphafi hvernar annar.

Fjarvistir og seint koma síðan til frádráttar. Þau stig sem eftir eru í lok annar teljast mætingareinkunn sem birtist í Mentor.

Þetta er sérstök einkunn óháð frammistöðu í einstökum námsgreinum.

Fari nemandi niður fyrir 8,0 í mætingareinkunn skal umsjónarkennari tilkynna það foreldum/forráðamönnum hans. Fari nemandi niður fyrir 7,0 skal nemandi ásamt foreldrum/forráðamönnum koma í viðtal til umsjónarkennara.

Ef nemandi er kominn niður fyrir 5,0 er mál hans komið á það stig að það verður tekið til sérstakrar umfjöllunar hjá deildarstjóra í samráði við foreldra/forráðamenn. Ef sú umfjöllun skilar ekki tilætluðum árangri, mun málið verða sent skólastjórn til úrlausnar.

(F) Fjarvistir

Komi nemandi ekki í kennslustund skal færa **F** í bekkjarskrá. Við fyrstu fjarvist úr tíma kemur enginn frádráttur, en eftir það dragast 0,5 frá mætingareinkunn í hvert skipti. Ef nemandi er fjarverandi án leyfis í heilan dag, skal umsjónarkennari hans/deildarstjóri leita skýringa á því og meta síðan fjarveru hans til frádráttar, þó ekki meira en frádráttarreglur segja til um.

(S) Seint

Komi nemandi of seint í kennslustund skal færa **S** í bekkjarskrá. Við fyrsta S kemur enginn frádráttur en eftir það dragast 0,2 frá fyrir hvert skipti.

Nemandi sem farið hefur niður fyrir 5,0 í mætingareinkunn á kost á því að vinna sig upp í þá tölu, en þó með ákveðnum skilyrðum. Ef mæting er óaðfinnanleg í viku getur nemandinn unnið sér inn 0,5 í einkunn. Kennarar skrá daglega inn upplýsingar um mætingar í Mentor. Umsjónarkennari skal gefa vikulega upp stöðu nemenda í mætingareinkunn í skráningarkerfi Mentors. Ef nemandi gerir ekki athugasemdir við færslur í Mentor strax, skoðast þær samþykktar.

Samkvæmt lögum eru foreldrar ábyrgir fyrir því að börn þeirra sæki skóla. Skólastjóra ber að vísa ófullnægjandi skólasókn nemanda til fræðslu- og barnaverndaryfirvalda.

Einu sinni á önn getur nemandi, með samþykki foreldra, sótt um hækkun skólasóknareinkunnar til umsjónarkennara á þar til gerðu eyðublaði.



ALMENNAR UMGENGNISSREGLUR

Heimanám og gögn

Nemendum ber að koma undirbúnum og með nauðsynleg gögn í skólann.

Á göngum skólans

Nemendum ber að ganga hjóðlega um skólahúsnæðið og sýna tillitsemi. Sú regla að ganga hægra megin upp og hægra megin niður stiga skal viðhöfð.

Skófatnaður, yfirhafnir og höfuðföt

Farið er úr skóm í forstofum og þeim komið fyrir í skóhillum. Undantekningar eru gerðar á jólaskemmtunum og árshátíð. Snagar fyrir yfirhafnir eru á göngum fyrir framan kennslustofur. Nemendur eru hvattir til að skilja ekki eftir verðmæti í yfirhöfnum eða töskum. Mælst er til að fatnaður og áhöld í eigu nemenda séu vel merkt.

Mataraðstaða - matsala

Nemendur skulu neyta matar í matsal skólans. Hver nemandi gengur frá þeim áhöldum sem hann notar í matartímum. Allir nemendur skulu hjálpast að við að hafa snyrtilegt í kringum sig og viðhafa góða borðsiði.

Nemendur eiga að vera í skólanum á skólatíma

Ætlast er til þess að nemendur í 1. – 7. bekk séu í skólabyggingunni eða á skólalóð á skólatíma. Undanskildar eru ferðir í íþróttahús, sundlaug og vettvangsferðir.

Reiðhjól og hjólaleiktæki

Nemendum skólans er heimilt að koma á reiðhjólum í skólann frá 7 ára aldri. Það er mjög mikilvægt að gengið sé frá hjólum við skólann. Reiðhjól og önnur hjólaleiktæki eru alfarið á ábyrgð nemenda og forráðamanna þeirra, einnig er það á ábyrgð forráðamanna að nemendur noti viðeigandi öryggisbúnað. Umferð reiðhjóla á skólalóð á skólatíma er bönnuð. Umferð annarra hjólaleiktækja en reiðhjóla á skólalóð miðast eingöngu við frímínútur og hádegi á malbikaða vellinum austan megin við aðalbyggingu. Því miður er ekki hægt að geyma hjólaleiktæki inni í skólanum.





UMGENGNISREGLUR framhald

Rafeindatæki

Notkun rafeindatækja í kennslustundum er háð leyfi kennara. Rafeindatæki sem nemendur verða uppvisir af að nota án leyfis kennara verða sett í vörslu skólastjórnenda og verða foreldrar að nálgast þá þar.

Leiksvæði og leikjahandbók

Skólalóðinni er skipt niður í ólík leiksvæði til að koma til móts við sem flestar þarfir nemenda. Útbúin hefur verið leikjahandbók af íþróttakennurum skólans. Í bókinni eru leiksvæðin merkt og hugmyndir að leikjum koma fram fyrir hvert svæði. Starfsfólk er hvatt til að virkja nemendur í leik á leiksvæðum.

Skólabjalla


Skólabjalla hringir kl. 8 að morgni svo og við upphaf og lok frímínútna. Við upphaf kennslustunda í upphafi dags og í lok frímínútna. Nemendur eiga að virða þessar hringingar og mæta stundvíslega í kennslustundir.

Sælgæti og gosdrykkir

Nemendum er ekki leyfilegt að neyta sælgætis eða gosdrykkja í skólanum nema með sérstöku leyfi skólastjórnenda.



ÞARFAHRINGURINN



Samkvæmt Uppbyggingarstefnunni þurfum við reglulega að uppfylla meðfæddar grunnþarfir okkar fyrir að tilheyra, hafa áhrif, njóta frelssis og gleði til að geta verið lífsglöð, hamingjusöm og örugg. Orsök vanlíðunar og slæmrar hegðunar er sú að einstaklingurinn nær ekki að uppfylla grunnþarfir sínar á jákvæðan hátt.

Hugmyndin með flokkun grunnþarfanna er sú að kennarar og nemendur eigi auðveldara með að greina og skilja ólíkar þarfir. Nemendur læra að þekkja tilfinningar sínar, ná meiri sjálfstjórn og kennarinn getur betur komið til móts við ólíkar þarfir nemenda sinna.

Nemendur læra hverjar grunnþarfirnar fimm eru.

Nemendur þjálfast í að skoða hvernig þeir geta uppfyllt þarfir sínar á jákvæðan hátt án þess að það komi niður á þeim sem í kringum þá eru. Þeir þjálfast líka í að ræða um þarfir sínar og tilfinningar og að leysa ágreining á jákvæðan hátt.

Dæmi um birtingarmyndir grunnþarfanna:

Rík þörf fyrir að tilheyra:

- Vil að öðrum líki við mig
- Er háður foreldrum mínum
- Vinn fyrir kennarann
- Félagar skipta mig miklu
- Finnst gaman í hópvinnu

Rík þörf fyrir áhrif:

- Vil hafa stjórnina
- Fylgist vel með áður en ég prófa nýtt
- Stressast ef mér mistekst
- Er mjög skipulagður
- Þarf helst að vera bestur

Rík þörf fyrir frelsi:

- Vil hafa valmöguleika
- Þarf að vera á ferðinni
- Hef gaman af tilraunum
- Er sama hvað öðrum finnst
- Vil prófa nýja spennandi hluti

Rík þörf fyrir gleði:

- Verð að njóta vinnunnar
- Einbeiti mér ef mér finnst gaman
- Vil leika trúð, vera fyndinn
- Skemmti mér, jafnvel þótt ég sé skammaður

Rík þörf fyrir öryggi: Húsnæði, fæði, heilsa, klæði, hvíld og afkoma

Við reynum að mæta mismunandi þörfum nemenda.
Við tökum mið af því að allir nemendur þurfa að finna fyrir öryggi.

Í BREKKUSKÓLA VILJUM VIÐ:

- skapa þannig umhverfi, í samráði við nemendur og foreldra, að öllum líði vel og allir læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu.
- að frá skólanum fari einstaklingar sem tilbúnir eru að takast á við eigin framtíð.